

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

33. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2014-2018

Árið 2016, fimmtudaginn 6. okt. kl.13:00 var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Anna Lind Ragnarsdóttir, Guðbjörg Bergmundsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Valgeir Scott, og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Engin athugasemd gerð við boðun fundarins.

Oddviti bauð viðstadda velkomna.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Umsókn um byggðakvóta fiskveiðiárið 2017 – 2018
2. Erindi frá OV, dagsett 16. september 2016, varðandi vatnsréttindi í Súðavíkurhreppi.
3. Samningaviðræður um nýtingu vatnsafls til raforkuframleiðslu í Súðavíkurhreppi
4. Framkvæmd laga um almennar íbúðir – erindi frá Íbúðalánasjóði.
5. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps – vinnuáætlun.
6. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða – neysluvatnssýni í Súðavík.
7. Ný ferðamálasíða Súðavíkurhrepps kynnt.
8. Brunabótafélag Íslands – ágóðahlutagreiðsla 2016
9. Alþingiskosningar 29. okt 2016 – kjörskrá.
10. Íbúafundur í Súðavík 18. október og í Inndjúpinu.

11. **Kynning á Vestfjarðarskýrslunni.**
 12. **Sjókvía Arnarlax í Ísafjarðardjúpi – drög að matsáætlun.**
 13. **Framkvæmdasjóður ferðamannastaða – opið fyrir umsóknir.**
 14. **Fundargerð Hafnarsambands Íslands nr.387**
 15. **Fundargerð stjórnar samb. ísl. Sveitarfélaga nr.842**
-

1. Umsókn um byggðakvóta 2017 - 2018 lögð fram af sveitarstjóra. Sveitarstjóra falið að klára umsóknina og senda inn til ráðuneytis.

Sveitarstjóri fer yfir stöðu byggðakvóta 2016 - 2017.

Í dag eru 46 þorskígildistonn eftir óveidd, sem samkvæmt svari ráðuneytis fara í endurúthlutun til Súðavíkurrepps, á næsta fiskveiðiári.

Samþykkt samhljóða.

2. Súðavíkurreppur hefur látið vinna fyrir sig minnisblað um vatnsréttindi í Súðavíkurreppi. Minnisblaðið verður m.a. kynnt OV þegar það er fullklárað.

Sveitarstjóra falið að svara erindi OV.

3. Umræða um tvö erindi um nýtingu vatnsafls til raforkuframleiðslu í Súðavíkurreppi /Ísafjarðardjúpi.

Erindin eru frá Arctic Hydro, dagsett 18. mars og frá VesturVerk, dagsett 1. apríl.

Málið var á dagskrá sveitarstjórnar á 32. fundi sveitarstjórnar. Þar var ákveðið að ganga við viðræðna við VesturVerk varðandi Hvanneyrardalsvirkjun.

Fram hefur komið að Vesturverk hefur fengið úthlutað rannsóknarleyfum frá Orkustofnun fyrir Hvanneyrardalsvirkjun í Ísafirði, og fyrir Skötu- og Hestfjarðavirkjunum til fjögurra ára.

Sveitarstjóri kynnir að bréf hafi borist frá Arctic Hydro þar sem fyrirtækið dregur ósk sína um viðræður til baka.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps felur sveitarstjóra að vinna að samning við VesturVerk um nýtingu á vatnsafla til raforkuvinnslu fyrir svonefndar Skötufjarða- og Hestfjarðarvirkjanir.

Samningsdrög skal leggja fyrir sveitarstjórn þegar að þau liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða.

4. Bréf Íbúðalánasjóðs um framkvæmd laga um almennar íbúðir tekið til umræðu.

Síðari umsóknarfrestur er 30. nóvember fyrir stofnframlög.

Málinu frestað til næsta fundar sveitarstjórnar.

5. Lagt fram til kynningar.
6. Sveitarstjóri fer yfir neysluvatnsmál Súðavíkur síðustu daga.

Tilkynning barst frá heilbrigðiseftirlitinu um vægt e. coli gildi hefði fundist í neysluvatnssýni.

Í kjölfarið sendi sveitarfélagið tafarlaust frá sér tilkynningu til íbúa Súðavíkur um að gæta fyllstu varúðar.

Þá óskaði sveitarfélagið eftir að sýni yrðu tekin víðsvegar um bæinn til að kanna hvort vatnsveita Súðavíkur væri mögulega sýkt. Meðal annars voru tekin sýni úr grunnskólanum og matvælafyrirtækjum á svæðinu.

Í pósti frá heilbrigðiseftirlitinu þann 28. sept. kom fram að ekki hafi fundist mengun í vatnsveitu Súðavíkurhrepps. Tilfellið er því meðhöndlað sem einangrað og hefur markvist verið unnið að því að uppræta mengunina.

Eftirfarandi tilkynning var send út frá sveitarfélaginu:

Í upphafi vikunnar barst tilkynning frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða um að E. coli mengun hefði fundist í vatnssýni við hefðbundið eftirlit. Vatnssýnið var staðbundið og hafði nokkuð veikt gildi.

Í kjölfarið sendi sveitarfélagið út tilkynningu til að gæta fyllstu varúðar og öryggis um að nauðsynlegt væri að sjóða neysluvatn á meðan mengunin væri rannsókuð betur og komið í veg fyrir hana. Þá óskaði sveitarfélagið eftir því að seinni sýni yrðu tekin víðavegar um bæinn, í gömlu byggð Súðavíkur og þeirri nýrri.

Í morgun leiddu seinni sýni í ljós að enga mengun er að finna í vatnsveitu Súðavíkur. Ljóst er að mengunin var staðbundin og hefur þegar verið brugðist við henni. Verður fylgst með staðnum í kjölfarið með tilliti til þessa.

Vatnsveita Súðavíkur sækir neysluvatn úr borholu og hefur í gegnum tíðina mælst í miklum gæðum. Þar hefur aldrei mælst mengun.

Síðustu dagar hafa verið afar lærdómsríkir fyrir sveitarfélagið. Sveitarfélagið tók þá ákvörðun að senda hiklaust út tilkynningu varðandi mögulega mengun, þó svo um væri að ræða staðbundið fyrra sýni. Það gerir sveitarfélagið öðru fremur af ábyrgð við íbúa og fyrirtæki á svæðinu.

Þá hafa síðustu dagar einnig leitt ljós hversu skilvirku og góðu eftirliti Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða sinnir. Það er mikið öryggi fólgið í því að hafa virkt eftirlit með grunnstoðum samfélags, eins og vatnsveita er. Síðustu dagar hafa leitt í ljós að það eftirlit virkar vel í Súðavík.

7. Lagt fram til kynningar og umræðu.

Sveitarstjóra falið að funda með ferðamálasamtökum Súðavíkurhrepps til frekari þróunar á síðunni.

8. Hlutdeild Súðavíkurhrepps og greiðsla þann 14. okt, sem hlutfall af 50 milljónum, verður 243.500 kr.
9. Kjörská Súðavíkurhrepps fyrir Alþingiskosningar 29. október 2016 lögð fram.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps staðfestir framlagða kjörskrá og felur sveitarstjóra að hafa kjörskrá opna og aðgengilega öllum á skrifstofu sveitarfélagsins fram að kjördegi.

Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna Alþingiskosninga 29. okt nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Sveitarstjórn samþykkir að hafa tvær kjördeildir opnar, eins og undanfarnar kosningar. Þær verða í Súðavíkurskóla og Reykjaneskjördeild, staðsett í í Heydal.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samráði við yfirkjörstjórn að upplýsa og boða undirkjörstjórnir, Súðavíkurkjördeild og Reykjaneskjördeild, Súðavíkurhrepps vegna alþingiskosninga 2016.

10. Fyrirhugað er að halda íbúafund í Súðavíkurhreppi. Á fundinum verður meðal annars farið yfir vinnu við heildarendurskoðun á aðalskipulagi, sem hefst formlega á þessum fundi.

Ákveðið að fundurinn verði í Súðavík verði 30. okt. og gerðar verði ráðstafanir til þess að íbúar Inndjúpsins eigi kost á að mæta.

Sveitarstjóra falið að auglýsa fundinn.

11. Sveitarstjóri fer yfir skýrsluna.
12. Lagt er fram bréf Hugrúnar Gunnarsdóttur, f.h. VERKÍIS hf., dags. 15. september sl., ásamt drögum að tillögu að matsáætlun fyrirhugaðs sjókvíaeldis í Ísafjarðardjúpi með framleiðslu á allt að 10.000 tonnum á laxi á ári.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps sendir erindið til umsagnar, skipulags og byggingarnefndar og umhverfis og samgöngunefndar.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps minnir á að eitt af því mikilvægasta sem stjórnvöld þurfa að huga að í ljósi komandi eldisuppbyggingar er að tryggja sveitarfélögum tekjustofna af atvinnugreininni. Fyrst væri að færa skipulagsvald sveitarfélaga út, yfir umrædda starfsemi. Það myndi tryggja sveitarfélögum öruggan stað við borðið.

13. Sveitarstjóra falið að klára tvær umsóknir í framkvæmdasjóð ferðamannastaða. 1. Gönguleið í gegnum í Súðavík, frá tjörninni yfir í

gamla þorpið, tjaldsvæðið. 2. Framkvæmdir við Hvítanes, Skötufirði
selalátrið. Bílastæði, göngustígur og útsýnispallur.

14. Lagt fram.

15. Lagt fram.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:00

**Anna Lind Ragnarsdóttir
oddviti**

Valgeir Scott

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Halldóra Pétursdóttir

Pétur G. Markan, sveitarstjóri